

## Fundargerð

**246. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn í kennslustofunni á Tunguhálsi,  
föstudaginn 27. janúar 2023, kl. 08:15.**

### Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Halla Karen Kristjánsdóttir, Birgir Finnsson, Ingveldur Lára Þórðardóttir og Ásdís Gíslason.

**Fundargerð ritaði:** Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

#### 1. Tölfræði 2022 - 2301009

*Farið yfir helstu tölur ársins 2022 úr starfsemi SHS.*

#### Niðurstaða

*Frestað.*

#### 2. Starfsáætlun stjórnar SHS 2023 - 2301002

*Áætlun fyrir reglubundna fundi stjórnar SHS á árinu 2023 lögð fram til kynningar og staðfestingar.*

#### Niðurstaða

*Samþykkt og undirritað af formanni.*

#### Fylgiskjöl

SHS 246 2.1 Starfsáætlun stjórnar 2023.pdf

#### 3. Árleg eftirlitsáætlun SHS 2023 - 2301016

*Eftirlitsáætlun forvarnasviðs SHS fyrir árið 2023 lögð fram til kynningar.*

#### Niðurstaða

*Kynning.*

#### Fylgiskjöl

SHS 246 3.1 Árleg eftirlitsáætlun 2023.pdf

#### 4. Árlegt árangursmat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra - 2301011

*Lagt til að árlegu árangursmati á störfum stjórnar verði frestað.*

#### Niðurstaða

Frestað til vors.

## 5. Starfsstöðvar SHS til framtíðar - 2301008

*Kynning og umræður um stöðu húsnæðismála SHS með hliðsjón af áætlunum um byggingu nýrrar slökkvistöðvar í stað Tunguháls, úrbótaþörf á Kjalarnesi og fyrirsjáanlegum breytingum á aðstöðu í Skógarhlíð vegna nýrrar björgunarmiðstöðvar.*

### **Niðurstaða**

*Stjórn SHS samþykkir að setja saman starfshóp með fulltrúum sveitarfélaganna og SHS til að fara heildstætt yfir húsnæðismál, útkalls og uppbyggingarþörf SHS. Farið verður nánar yfir verkefni hans á næsta stjórnarfundum.*

*Við skipulagningu á staðsetningum slökkvistöðva og greiningu á viðbragðstíma verði tekið sérstakt tillit til þróunar atvinnusvæða og íbúabyggðar á höfuðborgarsvæðinu öllu. Rósa Guðbjartsdóttir vekur athygli á að innan örfárra ára verða íbúar í nýjasta uppbyggingarhverfi Hafnarfjarðarbæjar, Völlum, Hamranesi og Skarðshlíð orðnir 13.000. Í nágrenninu sé auk þess mjög ört vaxandi atvinnu- og iðnaðarsvæði og óskar því eftir því að sá hluti höfuðborgarsvæðisins verði tekinn til sérstakrar skoðunar.*

### **Fylgiskjöl**

SHS 246 5.1 Húsnæðismál SHS, starfsstöðvar og ný björgunarmiðstöð.pdf

## 6. Ný björgunarmiðstöð - 2103003

*Hannes Frímann Sigurðsson frá Framkvæmdasýslunni - Ríkiseignum kynrir stöðu mála vegna fyrirhugaðrar byggingar nýrra höfuðstöðva viðbragðsaðila.*

### **Niðurstaða**

*Kynning.*

### **Gestir**

Hannes Frímann Sigurðsson, verkefnastjóri hjá Framkvæmdasýslunni - ríkiseignum - 08:50

## 7. Önnur mál - 2301017

*7.1 Kynningardagar fyrir stjórn, aðal- og varamenn.*

*7.2 Skoðunarferð um starfsstöðina á Tunguhálsi.*

### **Niðurstaða**

*Birgir mun senda stjórn tillögur að tímasetningum fyrir kynningardag.*

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 10. febrúar nk.

Fundi slitið kl. 09:30.

---

Dagur B. Eggertsson

---

Rósa Guðbjartsdóttir

---

Almar Guðmundsson

---

Ásdís Kristjánsdóttir

---

Þór Sigurgeirsson

---

Halla Karen Kristjánsdóttir

